

Textar



**HARMONÍU
KÓRINN**

Árbæjarkirkja – 13. des. 2022

Útg. 5

Í kvöld skulu ljósin ljóma

SA:

Í kvöld skulu ljósin ljóma
og lýsa húmið inn,
er brosandir barnaskarar
nú bera fram lofsönginn.

TB:

Þau syngja um blíða barnið
þann bróður sem eitt sinn var
lagður í jötuna lágu
en ljósið í heiminn bar.

Solo:

Já, hlýtt var í hreysi smáu
og hvíld var þar gott að fá,
er ómaði englasöngur
um allar heimsbyggðir þá.

SATB:

Þeir fluttu í fyrsta sinni
fagnaðaróð um hann.
Það barnið Guðs son er síðar
sigur á dauða vann.

Ókunnur

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur skuggalangan daginn,
jólaveinar sækja að, sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér lítil börn í desember,
inni' í friði' og ró, úti' í frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi' á lofti, inni' í skáp eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn kemst hann ekki' í bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt, stafa geislum björtum.
Norðurljósín loga skær, leika' á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér hýr og glöð í desember,
þó að feyki snjó þá í friði' og ró
við höldum heilög jólin,
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Grýlukvæði

S:

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum.

Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

TAB:

Það á að gefa, gefa. Það á að gefa, gefa.

Það á að gefa, gefa börnum, börnum brauð
að bíta, bíta í á jólunum, jólunum

Kerta, kertaljós og klæðin, klæðin rauð
svo komist, komist þau úr bólunum, bólunum.

Væna, væna flís af feitum, feitum sauð
sem fjalla, fjalla gekk á hólunum, hólunum.

Nú er hún gamla, gamla Grýla, Grýla dauð,
gafst hún, gafst hún upp á rólunum, rólunum.

Ókunnur

Hátíð höldum í bæ

Hátíð höldum í bæ,
hreinan glitrar á snæ.
Ljósín sem ljóma svo bjart
lýsa á greinanna skart.

Ú ...

Bjart á völlum var,
vöktu hirðarnir þar
er frelsarinn fæddist í heim,
fregnin þá vitraðist þeim.

Ú ...

Enn sem atburður nýr,
enn hjá fólkinu býr,
enn syngja okkur við hlið,
englar um jólanna frið.

Jólahjóð

S:

Hvít er borg og bær, bjartur jólasnær
hylur kaldan svörð, hýst er bóndans hjörð.
Kirkjan kallar enn, Kristi fagna menn,
á jólahátíð gefi Guð gleði' og frið á jörð.

ATB:

|:Damm damm da ra ra da da:|

SATB:

Ljúfan óm, helgan hljóm, heim frá kirkju ber [frá kirkju].
Hringt er blítt, hljómar þýtt, heilög stundin er.
Ljósum prýdd, litum skrýdd, ljóma tré svo græn [svo
græn].
Til himins hljótt á helgri nótt heita sendum bæn.

S:

Senn er úti ár, öll þess bros og tár
ýmist verða gleymd eða' í minni geymd.
Tendrum ljós á tré, trúin helga sé
í vetrarmyrkri vegaljós og vermi kaldan heim.

ATB:

|:Damm damm da ra ra da da:|

SATB:

Ljúfan óm

Erla Þórdís Jónsdóttir

Himinganga

Við svífum upp í geim, við ferðumst gegnum mánanótt,
og ofar öllum þeim sem sofa vært og rótt.

Ég held mér afar fast í gegnum myrkrið næturblátt
Ég finn að flogið get með þér svo himinhátt.

Aaaaaaa

Jörðin líður hjá. Framhjá fjúka borg og bær
og skógivaxið gil og lækur silfurtær.

Börnin stara opinmynnt næturhimin á.

Enginn slíka furðusjón þar áður sá.

Við syndum gegnum geim, við ferðumst gegnum frosin ský
og fjallstindar á jörðu seilast okkur í

Aaaaaa Aaaaaa

Börnin stara opinmynnt næturhimin á.

Enginn slíka furðu sjón þar áður sá.

Við svífum upp í geim, við dönsum gegnum myrkrið hlýtt,
og þeir sem okkur sjá, þeir heilsa okkur blítt.

|:Við svífum upp í geim:|

Karl O. Olgeirsson

Boðskapur Lúkasar

S:

Forðum í bænum Betlehem
var borinn sá sem er
sonur Guðs, sem sorg og þraut
og syndir manna ber.

SATB:

Hlustið: Englar himnum af
[þeim] herra greina frá
[sem] lagður var í lágan stall
en lýsir jörðu á.

S:

Hirðum sem vöktu heiðum á
og hjarða gættu' um nótt
englar gleði fluttu fregn
um frelsun allri drótt

Hlustið:

S:

Vitringum lýsti um langan veg
sú leiðarstjarna hrein
sem ljóma heimi breyskum ber
og bætir hölda mein.

Hlustið:

Ó Jesú, barn

Ó, Jesúbarn, þú kemur nú í nótt,
og nálægð þína ég í hjarta finn.
Þú kemur enn, þú kemur undrahljótt,
í kotin jafnt og hallir fer þú inn.

Þú kemur enn til þjáðra' í heimi hér
með huggun kærleiks þíns og æðsta von.
Í gluggaleysið geisla inn þú ber,
því guðdómsljóminn skín um Mannsins son.

Sem ljós og hlýja' í hreysi dimmt og kalt,
þitt himneskt orð burt máir skugga' og synd.
Þín heilög návist helgar mannlegt allt,
í hverju barni sé ég þína mynd.

Jakob Jóhannesson Smári

Hin fyrstu jól

Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg.
Í dvala sig strætin þagga.
Í bæn hlýtur svölun brotleg sál
frá brunni himneskra dagga.
Öll jörðin er sveipuð jólasnjó
og jatan er ungbarns vagga.

Og stjarna skín gegnum skýjahjúp
með skærum lýsandi bjarma,
og inn í fjárhúsið birtan berst,
og barnið réttir út arma,
en móðirin sælasti svanni heims,
hún sefur með bros um hvarma.

Og hjarðmaður birtist, um húsið allt
ber höfga reykelsis angan,
í huga flytur hann himni þökk
og hjalar við reifastrangann.
Svo gerir hann krossmark, krýpur fram
og kyssir barnið á vangann.

Kristján frá Djúpalæk

Vögguljóð á jólum

SA:

Skín gegnum náttmyrkrið bjart ljós frá Betlehem.
Blítt syngja englarnir himninum á.

TB:

Vitringar koma síns konungs að leita
en kornunga móður og ungbarn þeir sjá.

Ave María, ave María,
ómar þýtt vögguljóð frá englanna hjörð.
Ave María, ave María,
mærin sem Guðssoninn fæddi á jörð.

TB:

Hvar er hans veldi og hverjir hans þegnar,
hví mun hans sproti og kóróna' ei sjást?

SA:

Fjárhirðar hirðin og fátækir þjóðin
og friður er sprotinn og kórónan ást.

Ave María ...

Hvað þótt þú gefir ei gull eða myrru?
Gjöf honum færðu af elsku og dáð.
Lofað sé barnið, og lofuð sú móðir
er lausnarann gaf oss af himnanna náð.

Ave María ...

Kristín Jóhannesdóttir

Transeamus usque Betlehem

SAT:

Gloria, gloria in excelsis Deo, gloria
et in terra pax hominibus
bonae voluntatis,
et in terra pax. Gloria.

B:

Gloria, gloria, in excelsis Deo, in excelsis Deo,
transeamus, transeamus, videamus,
multitudinem militiae caelestis laudantium Deum,
Mariam et Joseph et Infantem positum in praesepio.

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól;
Signuð mæ'r son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
|: meinvill í myrkrunum lá. :|

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
|: konungur lífs vors og ljóss. :|

Heyra má himnum í frá
englasöng: "Allelújá".
Friður á jörðu, því Faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
|: samastað Syninum hjá. :|

Sveinbjörn Egilsson